

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

278. tbl - 6. árg.

16. nóvember 2006



SPARISJÓÐUR  
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

# Predikunarstóll hreinsaður og lagfærður



Aðalsteina Sumarliðadóttir og Ólafur Ingi Jónsson við predikunarstólinn í Ólafsvíkurkirkju

Síðastliðin fjögur ár hefur verið unnið með mislögnum hléum að hreinsun og lagfæringu á predikunarstólnum í kirkjunni í Ólafsvík sem ekki var vanþörf á.

Við vorum svo heppin að fá til verksins, eftir ábendingu frá þjóðminjaverði, góðan fagmann Ólaf Inga Jónsson forvörð. Ólafur tók að sér verkið fyrir árkeðna upphæð og vann við það á staðnum án þess að til

nokkura óþæginda kæmi fyrir starfið í kirkjunni.

Predikunarstóllinn hefur þjónað þremur kirkjum, það er að segja Fróðárkirkju í 182 ár, 75 ár í gömlu Ólafsvíkurkirkju og 40 ár á næsta ári í núverandi kirkju. Predikunarstóllinn verður því 300 ára 2010. Því er ekki úr vegi að hans verði minnst að hausti 2007 á 40 ára árstíð kirkjunnar.

A.S.

*Nýjar vörur frá Sía  
dúkar, serviettur, kerti, blóm og greinar.*

Föndurvörur:

*Glimmerlím, pappír, límmiðar,  
föndurskæri og fl.  
Opnið á laugardögum.*

*Verið velkomin*

Verlunin Hrund  
Ólafsbraut 55  
Sími: 436 1165



# Gáfu Krílakoti einingakubba



Fyrr í þessari viku komu félagskonur í Lionsklúbbnum Rán færandi hendi á Leikskólann Krílakot. Ránar-

konur færðu leikskólanum að gjöf svokallaða einingakubba sem kenndir eru við Caroline Pratt.

**Þín verslun**

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is



Þvottahús &  
fatahreinsun  
Grundargata 61  
Grundarfirði  
Sími: 438 6500  
Gsm: 849 9552

## 25% afsláttur

af Gluggatjöldum, rúmteppum, yfirdinum, sængum og koddum í nóvember

**Snæpvottur er kominn með heimasíðu  
www.snaethvottur.is**



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

## Vör, merki og heimasíða



SJÁVARRANNSÓKNARSETUR VIÐ BREIÐAFJÖRD  
MARINE RESEARCH CENTER AT BREIÐAFJÖRDUR

Vör er rannsóknarstofnun sem beinir sjónum sýnum að rannsóknum á lífríki Breiðafjarðar með það að leiðarljósi að auka þekkingu okkar á vistkerfinu og nýtingarmöguleikum auðlinda svæðisins. Frá því um mitt sumar hefur starfsemi Varar verið til húsa að Ennisbraut 1 í Ólafsvík. Er hér um tíma- bundið húsnæði að ræða en innan tíðar mun starfsemi Varar flytja í eigið húsnæði að Norðurtanga.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að skipulagningu og fjármögnun rannsókna. Leitað hefur verið til íslenskra og erlendra sjóða um styrki til rannsókna. Fyrirhugað er að

hefja rannsóknir á grunnþáttum lífríkis Breiðafjarðar á vormánuðum 2007. Áhersla verður lögð á athuganir á plöntu- og dýrasvífi (átu) sem og eðlis- og efnaeiginleikum sjávarins. Einnig hefur verið sótt um fjármagn til þess að rannsaka m.a. útbreiðslu og líffræði beitu- kóngs í Breiðafirði.

Í dag starfar einn líffræðingur, Erla Björk Örnólfsdóttir hjá Vör, en vonir standa til að starfsmönnum fjölgi í byrjun árs 2007. Frekari fróðleik um Vör má finna á heimasíðu Varar [www.sjavarannsóknir.is](http://www.sjavarannsóknir.is), jafnframt er vakin athygli á því að starfsemi er opin áhugsömu fólki.

**ADALFLUTNINGAR**

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í porti gamla frystihússins

Farið er frá ADALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík

kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)


Sími: 436 1617

# Sameining sparisjóða

Stjórnir Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur hafa undirritað áætlun um samruna sparisjóðanna. Í tillögu sem lögð verður fyrir fund stofnfjäreigenda er gert ráð fyrir því að eigið fé hins sameinaða sjóðs verði u.þ.b. 8 milljarðar króna. Við samrunann verður miðað við sama hlutfall á milli stofnfjár og annars eigin fjár í báðum sjóðunum. Til að ná því markmiði hefur verið ákveðin aukning stofnfjár í Sparisjóði Ólafsvíkur.

Í hinum sameinaða sjóði munu stofnfjäreigendur í Sparisjóði Ólafsvíkur eiga u.þ.b. 3,3% en eigendur

stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík 96,7%. Rekstur beggja sjóða hefur gengið vel og þeir hyggjast halda áfram stöðu sinni sem máttarstólpar í heima- byggð. Það er markmið stjórnra sjóðanna með tillögu um sameiningu að efla starfsemi á starfssvæðum sínum og sækja fram á nýjum vettvangi. Stjórnirnar telja sameiningu sparisjóða nauðsynlega til að mæta kröfum tímans um alhliða og hagkvæma fjármálaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Þau markmið fara saman við þá skyldu að efla hag stofnfjäreigenda og starfsfólks sjóðanna.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
SNÆFELLINGA

## INNTRITUN Á VORÖNN 2007

Innritun nýrra nemenda á vorönn 2007 stendur yfir og lýkur 21. nóvember nk.

Nemendur eru beðnir að koma með einkunnir úr grunnskóla og/eða framhaldsskóla til innritunarinnar.

Tekið er á móti umsóknum á allar brautir skólans, bæði í staðbundið nám og dreifnám.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu skólans eða á FSN-vefnum, [www.fsn.is](http://www.fsn.is) og þar eru einnig upplýsingar um áfanga í boði.

Skólameistari

# STÆKKUNARTILBOÐ Í SÖLUSKÁLA ÓK



16" pizza m. 2 áleggsteg. 2L Coke  
110gr. blandaður Appollolakkrís



snakki  
frá Maarud\*



30% Afsláttur af  
Snowtop rúðuvökva

30% Afsl. af þurrkublöðum  
frá Stillingu



1.200,-



Tilboðin gilda föstudag, laugardag og sunnudag

\*175gr poki af Salt, Salt og pipar eða paprika

Söluskáli ÓK. Ólafsvík

v/ Ólafsbraut · sími 436 1012

## Björgunarsveitir



Nýverið voru haldnir aðalfundir hjá bæði björgunarsveitinni Björg á Hellissandi og Sæbjörgu Ólafsvík. Á fundum var samþykkt að sveitirnar yrðu sameinaðar. Í framhaldi af því hafa stjórnir sveitanna unnið að því að rekstur verði sameiginlegur frá 1. desember 2006. Formleg sameiningarathöfn mun fara fram á sjömannadaginn 2007. Tilgangurinn með sameiningu er fyrst og fremst að stofna eina öfluga björgunarsveit í Snæfellsbæ sem er betur í stakk búin en eldri sveitirnar til að takast á við

þau verkefni, sem til kunna að falla. Markmið hinnar nýju sveitar verði að vinna að alhliða björgunarskörfum, að standa að þjálfun félagsmanna til þeirra starfa, að stuðla að auknum slysavörnum í Snæfellsbæ og afla þess búnaðar sem nauðsynlegur er til starfsins.

Sameining verður gerð í góðu samstarfi við kvendæildirnar Helgu Bárðardóttur Hellissandi og Sumargjöf Ólafsvík. Kynnt er stefna nýrrar Björgunarsveitar á heimasíðu hennar [www.123.is/bjorgunarsveit](http://www.123.is/bjorgunarsveit).

## Pólsk þjóðhátíð

Við viljum þakka bæjarbúum fyrir góða þátttöku og skemmtun síðasta laugardag 11. nóvember. Það er greinilegt að þessi hátíð er komin til að vera. Sjáumst á næsta ári.

Undirbúningsnefndin.

Chcemy zlozyc podzi-  
ekowania wszystkim  
mieszkancom za przybycie

i wspólna zabawa z okazji polskiego swieta narodowego,

które odbyło się minionej soboty 11. listopada. Przepuszczamy, że polskie swieto zagosci u Nas juz na stale.

Do zobaczenia w następnym roku.

Komitet przygotowawczy

## Smáauglýsingar

### Til leigu

Hús til leigu  
110 fm. 4 herbergi.  
Tilboð óskast.

Uppl. í síma 557 3995 og 869 2020



# Fótboltinn og Esso í samstarf

Knattspyrnudeildirnar á Snæfellsnesi gera samstarfs-samning við Olúfélagið ESSO

Í framhaldi af samstarfi allra knattspyrnudeilda á Snæfellsnesi hefur verið gerður samstarfssamningur við Olúfélagið ESSO sem einn af aðal styrktaraðilum samstarfsins. Samningurinn kveður á um að Safnkortshafar sem tengja kort sín samstarfinu styrkja það í hvert sinn sem þeir eiga viðskipti við ESSO. Auk þess renna 2 kr. pr lítra í afslátt í formi safnkortspunkta til viðskiptavinarins ásamt 3% af vörusölu. Samningurinn tekur gildi við undirskrift.

Það er von knattspyrnudeildanna að allir stuðningsmenn og velunnarar félaganna styðji við bakið á því öflugra starfi sem einkennt hefur félögin undanfarin ár með því að versla ávalt eldsneyti hjá Esso, hvort sem það er á stöðvum félagsins á Snæfellsnesi eða á öðrum

stöðvum Esso þegar ferðast er um landið. Því betur sem við stöndum að góðri umgjörð í rekstri barna- og unglíngastarfs því meiri árangri náum við í forvörnum. Það er því von okkar að þessi fjárhagslegi stuðningur Olúfélagins ESSO og safnkortshafa á Snæfellsnesi hjálpi okkur í því mikilvæga verkefni sem framundan er.

Olúfélagið Esso vill upplýsa íbúa svæðisins að félagið stefnir á opnun sjálfsafgreiðslustöðvar í Ólafsvík á næstu misserum.

Stuðningsaðilar Knattspyrnudeildanna geta skrifað undir viljayfirlýsingu eða sótt um Safnkort á ESSO stöðvunum í Gundarfirði, Hellissandi og Vegamótum. Einnig er hægt að hringja í þjónustuver ESSO. Síminn í þjónustuverinu er 560 3400.

Knattspyrnudeildirnar á Snæfellsnesi og Olúfélagið ESSO

## GETRAUNIR

Áskorendaleikur. Ólafur Bjarnason SH var með 10 rétta og Sólarport var með 7 rétta. Sólarport skorar á Hobbítan.

Nú er að sjá hvort Mími og strákunum á Ólafi takist að sigrá Hobbítan.

Gott nú væri fólk að virkja Sem til er í að flippa Félagið okkar góða að styrkja Með því að mæta og tippa

Opið laugardag frá 10.30 til 13.00 á skrifstofu félagsins. Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.

Stjáni Tótu.



## HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

**PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA**  
Afsláttur á Bland í poka á laugardögum



Ólafsvíkurkirkja

## Sunnudagaskóli

nk. sunnudag 19. nóvember kl. 11.00

## Messa

19. nóvember kl. 14.00.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

 **STEINPRENT**  
Sandholt 22, Ólafsvík  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Ólafsvík dansar  
Ólafsvík dansar



Sunnudaginn, 26.11.2006

Kl.: 9:30 - 10:30 Ballet og danslistir (börn 5-7)  
Kl.: 11 Sunnudagaskólinn kennir "Kokkinn"  
Kl.: 10:45 - 11:45 Danslistir (börn 10 ára og eldri)  
Kl.: 13:00 - 14:00 Ballet og danslistir (börn 8-10)  
Kl.: 14:30 - 16:00 Danskennsla (fyrir fullorðna)  
Nánari upplýsingar og skráning í Sólarport: 4361020

  
FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Bátamyndir

Framfarafélagið Ólafsvíkurdeild hefur verið að vinna að því allt þetta ár að safna saman Útgerðasögur Ólafsvíkur eins og marg sinnis hefur komið fram hér í blaðinu,

ásamt því að senda beiðni til flestra útgerðarmanna um þetta mál.

Við höfum ráði Jóhannes í Steinprent til þess að skanna það efni sem við höfum náð í en því miður hafa afar fáir lagt til efni varðandi þetta mál.

Biðjum við hér með alla þá sem eiga í förum sínum myndir af bátum sem gerðir hafa vegið út hér að lána okkur og fara með í Steinprent til skönnunnar.

Með von um að þið bregðist vel við því að okkur langar til að byrja að sýna það sem komið er nú á jólaföstunnu.

Með kærri kveðju  
Ester Kristjana og Jenný.

# Bræla



Það brælar þannig að elstu mönnum er vart út sigandi til að kanna hvort þeir muni annað eins. Eitt ber þá við sem er kannski nýtt og það eru risavaxin síldarskip hér uppi í fjörugrjóti í vari að gera að afla sínum. Þessi skip kosta mörg um og vel yfir þúsund milljónir og þá er bara verið að tala um stálið og tækni-legóið. Með veiðiheimildum og slíku er hægt að tvö- og þrefalda þann verðmiða.

Þetta skýtur dálítið skökku við og er dálítið ófgafullt að þessir járnrisar mali gull á beitu og bræðslufiski. Þarna stíga markaðslögmál dansinn. Verð á fiskmjöli hefur hækkað mjög mikið vegna gríðarlegrar eftirspurnar, fyrst og fremst frá fiskeldi.

Margir mæra fiskeldi og tala um sem einu framtíð fiskmetisöflunar mannkyns. Gott og vel en fiskeldi í stórum stíl stendur samt frammi fyrir ákveðnu vandamáli. Þær fisktegundir sem eru í mestu eldi hér á norðurhveli Jarðar nærast fyrst og fremst á fiskmjöli og til að framleiða fiskmjöl þarf að veiða fisk sem leiðir dansinn í eina hringhendis vitleysu þar sem skiptast á uppgangsár og gjaldþrot í takt við veiðar og kaupgetu fiskneytenda. Þetta verður aldrei yfirstigið nema að ala grashíta eða

hreinlega að rækta annað en rándýr eins og lax eða þorsk sem eru allt of ofarlega í fæðukeðjunni til þess að eldi sé raunhæft til einhverrar framtíðar. Vísindin hafa unnið einhverja áfangasigra í að láta laxa melta soja-prótein til að skera greinina niður úr þessari snöru en gallinn á þeirri gjöfni er einkum sá að soja-alinn lax er nærri jafn bragðvondur og lax dreginn úr ferskvatni. En svona er staðan í dag og þessir dallar geta verið að draga rísa-flot-troll í gengum það sem áður kallaðist steindauður sjór. Trollveiðar hafa eitt, einfalt markmið: Að sigta sjó til að ná úr honum fiski. Þessi skip sigta mikinn sjó og hafa það ögnarafl sem þarf til að draga þessi troll. Hversu lengi þetta gengur og hversu lengi skipin geta stækkað sem og trollin og tilkostnaðurinn við að ná í fiskafóðrið skal ekki um spáð en þetta er vissulega sérstakt séð héðan frá hefðbundnu vertíðar-bátaplássi.

Draumaprinsinn er, ekki kvæntur þér Hann býr með öðrum manni alveg eins og þú Hann má fiska hér, handa sjálfum sér Hann skoðun skiptur ekki, vertu þínum trú.

G.G.



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem fjökunn ber við lofti...

## AÐSETURSSKIPTI



### ERTU MEÐ LÖGHEIMILI Á RÉTTUM STAÐ?

Með vísan til laga nr. 73/1952 um aðsetursskipti, ber íbúum að tilkynna um flutning til íbúaskrár innan viku frá flutningi, bæði flutning innanbæjar og milli sveitarfélaga.

Tilkynna ber flutninga á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, Hellissandi, þar er opið frá kl. 09:30-12:00 og 13:00-15:30 alla virka daga. Tilkynningarnar eru síðan sendar til Hagstofu Íslands. Eyðublað er hægt að nálgast rafrænt á vef Þjóðskrár. [www.thjodskra.is](http://www.thjodskra.is)



## Héraðsmót í frjálsum innanhúss, fyrir alla aldurshópa.

Héraðsmót í frjálsum innanhúss verður haldið í Ólafsvík 26. nóvember. Mótið hefst kl. 10. Skráning er hafin og þarf að vera lokið fyrir 23. nóvember

HSH

**KÆLIVER EHF**  
Haflíði Sævaldsson GSM: 893-1906  
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310  
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

# Bókaveisla

Klifi Ólafsvík

Upplestur úr nýjustu bókum þekktra rithöfundna!


Miðvikudag **22. nóv. kl. 20:00**



10. bekkur grunnskólans sér um kynningu á höfundum og selur nýbakaðar vöflur með rjóma og heitt súkkulaði og sjá einnig um tónlistaratriðið í hléi.

Veitingar kosta aðeins 1.000 kr. Frítt fyrir 15 ára og yngri.


## HÖFUNDAR SEM LESA ÚR BÓKUM SÍNUM:



**Einar Kárason & Ólafur Gunnarsson**

### ÚT AÐ AKA

– á reykspólandi Cadillac yfir Ameríku  
Frá unglingsárum hafði rithöfundana Einar Kárason og Ólaf Gunnarsson dreymt um að keyra þvert yfir Bandaríkin, heimkynni indjána og kúreka, í krömuðum og vængjuðum kagga. Úti að aka er óborganleg ferðasaga þar sem ekkert er dregið undan.



**Þórunn Valdimarsdóttir**

### UPP Á SIGURHÆÐIR

– saga Matthíasar Jochumssonar  
Matthías Jochumsson var tilfinningaheitur eldhugi, framsýnn, réttisýnn, dáður og elskaður – stundum jafnvel hataður og fyrirlitinn – en hafði ætíð djúp áhrif á alla sem til hans þekktu. Hann var prestur, ritstjóri og þjóðskáld og með skoðunum sínum, þýðingum og skáldskap setti hann sterkan svip á íslenska menningu sinnar aldar, svo opinískar og einlægur sem hann var í list sinni og lífsviðhorfum.



**Stefán Máni**

### SKIPIÐ

Fárvíðri, fyrirboðar og feigð.  
„Það sem tekst meistaralega hér er að vefa mörg svið bókmennta í þéttriðlið net lestrarnaunar sem illmögulegt er að spríkla út úr fyrr en textinn sleppir manni lausum á síðustu síðu....“  
Ólafsvíkingurinn fer á kostum í þessari skáldsögu.



**Andrea Róbertsdóttir**

### SPENNIÐ BELTIN

– til Asíu með Andreu Róberts  
„Hvað í helvitinu er ég að fara að gera ein með bakpoka í Asíu? Á þessari setningu hófst ferðalag Andreu fyrir alvöru. Hún seldi íbúðina sína, bílinn og aðrar efnislegar eigur, pakkaði ofaní bakpoka og hélt ein til Asíu. Hún ferðaðist um Inland, Tailand, Kambódíu og Laos og í þessari stórskemmtilegu bók segir hún frá seintýrlegu ferðalagi sínu og hvernig ókunnar slóðir komu henni fyrir sjónir í máli og myndum.

Enginn aðgangseyrir

Framfarafélagið Ólafsvíkurdeild og  
Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar